

Fundur - 31. janúar 2005

Endurrit fundargerðar mennta- og menningarmálanefndar Reykhólahrepps 31.janúar 2005

Ár 2005 þann 31. janúar kom mennta- og menningarmálanefnd saman til fundar á Reykhólum. Auk nefndarmanna voru mætt skólastjóri og fulltrúi foreldraráðs. Einnig sat sveitarstjóri fundinn og reit fundargerð. Fulltrúi kennara var ekki mættur.

Menntamál

- 1) Umsókn um skólavist í Reykhólaskóla á yfirstandandi vetri fyrir nemanda fæddan 1995. Umsókn samþykkt, enda greiði lögheimilissveitarfélag nemandans allan kostnað við skólagöngu hans.
- 2) Undanþágur fyrir leiðbeinendur við Reykhólaskóla. Skólastjóri lagði fram gildar undanþágur fyrir alla þá leiðbeinendur sem starfa við skólann.
- 3) “Ekki skylda að kenna 170 daga”, erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þrátt fyrir þetta óskaði skólastjóri eftir að bjóða upp á aukatíma fyrir 10. bekk. Um er að ræða 6 tíma á viku frá og með næstu viku. Nefndin samþykkti þessa ósk.
- 4) Erindisbréf fyrir nefndina. Sveitarstjóri greindi frá því að vinna við þetta bréf stæði yfir, en henni væri ekki lokið.
- 5) Lagt fram erindi frá Guðlaugi Stefáni Pálmasynti sem býður skólanum til kaups bókinda “Ég er húsið mitt” fyrir börn 4 og 8 ára. Samþykkt að kaupa bókinda.

Skólastjóri og fulltrúi foreldraráðs yfirgáfu nú fundinn.

Áslaug B. Guttormsdóttir (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Menningarmál

Sveitarstjóri greindi frá því að á fjárhagsáætlun 2005 væri gert ráð fyrir framlagi til kórstarfs og væru vonir bundnar við að kórstarfið yrði rífið upp í vetur.

Fundi slitið.

Karl Kristjánsson (sign)

Guðrún S. Samúelsdóttir (sign)

Ingvar Samúelsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)